Afgreiðsla:
Hallveigarstíg 6.

IÐUNN

Pósthólf 561.

Lestrarfélag Miklabæjarsóknar

Miklabæ

IÐUNN XVIII., 4.

Póstkr. kr.

Blönduklít

Sautárkrókur

Viljinn.

Lestrarfélagsblað
í Miklabæjarsókn.

— 16. ár — 4. blað —

Ritnefnd:

Jón Eiríksson, Magnús Gíslason
Stefán Jónsson.

Bejaröd „Viljans"

Djúpi-Dalur	Kom 20 apríl, för 22. apríl
Litli-Dalur	Kom 22. – 23.
Stóru-Akrar	
Höskuldsstadir	
Midhús	Kom 29 – 30
Þorleifsstadir	Kom 30 – 2 maí
Vaglar	
Hrólfsstadir	
Miklibær	Kom 12. för 17.
Vídivellir	
Hella	
Midsitja	
Sólheimar	
Úlfsstadir.	

Skilist þadan til bókavardor.

Viljinn

Lestrarfélagsblad í Miklabæjarsókn

16. ár	Apríl 1926	4. blad

Framsókn.

Tími sá er vér nú lifum á, má ad nokkru leyti kallast „Tími breytingannа". Gamlar venjur og hættir hverfa úr sögunni og adrir nýir koma í stadinn. Þarf ekki ad rökstydja slíkt, því dæmin eru deginum ljósari. Þótt vid jafnvel séum ekki eldri en þad ad vid munum eftir því hverning lífid hjá akkur leit út fyrir 10–20 árum, þá er mismunurinn svo mikill ad undrum sætir. Margar þessar breytingar má med réttu kalla gagnlegar og þarflegar og mida til samra framfara, en margt

hefir líka slæðst með, sem betur væri niður kvedið undir græna torfu. Það er sögð saga í lífi þjóðanna, að þar skiftist jafnan á, framsókn og kyrstada eda jafnvel afturför, þess sjáum við og dæmin úr þjóðlífi vorr. Gullöld vor, sögnöldin, var framsóknar öld þjóðarinnar, þá átti hún marga djúpvitra syni, sem skildu lífsköllun sína og unnu dagsverk sitt, án eigingirni, í þarfir föðurlandsins. Á þeim tíma ætla eg að þjóðin hafi stigið lengst spor í áttina til andlegs og líkamlegs atgjörfis. En svo kemur kyrstada í þjóðlífið og hnignun í lok sögnaldorinnar, sem varir fram á síðustu öld, þá fer að rofa til í lofti og bólar á forvörðum nýrra tíma þraska og menningar.

Þjóðin fór að finna til þess, að hún var ordin langt á eftir tímanum, á braut menningarinnar. Hún sá þann tíma löngu lidinn, er hún stóð þar framarlega í flokki og skipadi öndvegið í mörgum greinum. Minning hans rís eins og viti upp úr tímans sjó og kastar gullrodnum bjarma fornrar frægdar enn þann dag í dag á æfiskeid þjóðarinnar. Frönkunin eftir að láta enn eitthvad til sín taka, er vöknud, þótt enn sé nú stutt komid áleidis, sem er reyndar engin furda, sé þess gætt, hve djúpt hún (þ.e. þjóðin) var sokkin ~~d~~ andlega og líkamlega.

Eitt af því sem mér virdist vera mesti þröskuldurinn í vegi vidreisnarbaráttu okkar, er skortur á góðri samvinnu. Sundurlyndid, þessi löstur sem verst hefir bikid okkur, sýnist ekkert í rénun. Flestir mestu og bestu menn þjóðar vorrar eyda tímanum í það, að rífa niður hver annars hugmyndir og deilnefnin eru oft hlægilega lítilfjörleg, meira um hýdid (þ.e. formid) heldur en kjarnan eda sjálfa hugsjónina. En þetta þarf að lagast, ef vid viljum lifa og starfa sem sjálfstæð þjóð. Vér þurfum á öllum okkar kröftum að halda, til þess að hefja öflugt vidreisnar starf og bæta fyrir þau brot, sem

fedur vorir hafa unnid.

Mikil líkindi eru til þess, ad ~~sú~~ sú þjód, sem ekki fylgist med á framsóknarbrautinni, hljóti fyr eda sídar ad hverfa úr sögunni, sem sjálfstæd ríkisheild og sogast inn í stórþjódirnar. Hvort slíkt hlutskifti bídi þjódar vorrar í framtídinni vil eg engu um spá. En sorgleg afdrif mætti þad teljast fyrir þjód, sem hefir vardveitt mál sitt og þjóderni um þúsund ár, gegnum blítt og strítt, ad mestu óbreytt. Vér hljótum ad hugsa sem svo, ad fyrst hin algóda hönd hefir haldid hlífiskildi sínum, yfir þessum dýrmætu fjársjódum okkar svo lengi, þá hljóti okkur ad vera ætlad eitthvert hlutverk í alheims baráttunni — baráttunni á milli hins góda og illa.

Þad eru ekki ætíd hinir vælduguslu, sem lengst komast í áttina til sannrar fullkomnunar, og þraska; eins oft eru þad þeir, sem lægra eru settir í mannfélaginu.

Þorsteinn Erlingsson segir í kvædi einu, þar sem hann talar um „alþjódar vegagjörd":

— — — „ad idja þó margir séu og knáir
þá velta þeir fleiri völum úr leid
sem veikburda eru og smáir".

og er þad sannleikur, sem hæpid verdur mótmælt.

Þetta eigum vér ad hafa í huga, þegar vid leggjum út í strídid ad berjast fyrir tilvernrétti vorum, og þad á ad vera vor sídasta hugsun, þegar vér ad endudu dagsverki leggjum nidur vopnin; þá mun okkur aldrei detta í hug ad gjörast lidhlauparar, eda svíkjast undan merki þjódarinnar, og þvi sídur vinna ættjörd vorri þad ógagn, ad blása ad kolum sundurlyndis og úlfúdar og hindra þar med edur eydileggja þær framkvæmdir er til umbóta horfa.

Magnús Gíslason.

—

Blöndhlídingar fækka.

Eru þeir að ganga fyrir ætternisstapa?

—

Það er engum efa undirorpið, að fólkinu hér í sveitinni fækkar, þó hægt fari. Núna á 5 árum hefir því fækkað um 50 manns, réttan tug á ári hverju, til jafnaðar, (samkv. bókum hreppsins) og er það í sjálfu sér ekki svo há tala, en það er heldur ekki af miklum fjölda að taka (síðasta talan var 460 manns.) — Aðallega eru tvær ástæður fyrir þessari fækkun. Önnur er sú, að fleiri flytja burt úr sveitinni, en þeir sem inn flytja, en hin er að fæðingar eru líklega ekki eins margar og dauðsföllin. Um burtflutning fólksins er það að segja, að við því er ekki gott að sporna, það eru kaupstaðirnir er draga fólkið til sín, og það ekki frekar úr þessari sveit, en öðrum sveitum. Kaupstaðarlífið þykir fólkinu skemtilegra, fjörugra og jafnvel fúma, og svo telur það sig hafa meira í aðra hönd, bera meira úr býtum, fyrir vinnu sína, heldur en í sveitinni, en hvort svo er, tel eg full vafasamt. Að vísu fær það með köflum hærra kaup, en goldið er í sveitum, en aftur á móti koma tímar þar, sem um litla atvinnu er að ræða, og þá er fljótt að ganga á það sem safnað var. Þríka útheimtir kaupstaðarlífið meiri eyðslu á ýmsum svíðum, heldur en lífið í sveitinni. Það mun því oftast fylgjast að, hærra kaup og meiri kröfur til lífsins. Helstu ráðin sem enn eru fundin ~~í sveitunum~~ til að halda fólkinu í sveitunum munu vera þessi: Fyrst og fremst, að gjöra sveitalífið svo skemtilegt og ánægjulegt að fólkið finni þar ekki annarsstaðar mikið betra, en til þess eru ýmsar leiðir, sem oftangt yrði hér um að skrifa. Í öðrulagi að gjalda því sómasamlegt kaup, borga því vinnuna svo vel,

ad þad, þeyar á alt er litid fái hana eins vel endurgoldna eins og annarsstador, en þar er vandratad medalhófid, fyrir vinnuveitendur; en ef sanngirni er þar brúkud á báda vegu myndi þad geta tekist. Enn fremur er þad athuyavert ad ofþyngja ekki verkalýdnum med ósanngjörnum útgjöldum. Fólkid er nemt fyrir slíku. Og sídast en ekki síst er þad, ad syna verkafólki sínu mergætni og velvild og standa vel vid gefin loford, en stjórna því ekki sem hundtyrki herlidi.

Þá vil eg ofurlítid minnast á hina ástæduna, barnafædingu og daudsfällin. Því midur hefi eg enyar áreidanleyar skýrslur þar vid ad stydjast, en þad liggur þannig í huya mínum, ad mér finnast daudsfällin mörg, en fá börn fædast og þó svo væri, sem mér finst í þessu efni, er litlu þar um ad þaka. Enginn dauðanum ver, stendur þar og börn fædast ekki vid huysun eina. En þótt fædingar væru eins margar og daudsfällin, þá eru þær samt sem ádur of fáar, þær

þyrftu ad vinna, ~~upp~~ eda réttara sagt, bæta upp mismun á innfluttum og útfluttum í sveitinni, og halda þannig vid fólkstölunni. Í fyrra-vetur seint, mintist eg á þad vid Jónas læknir, ad vid þyrftum hér ad fá gfirsetukonu, en hverju haldid þid ad hann hafi svarad. Hann sagdi hreint og beint: „Þid hafid ekkert med gfirsetukonu ad gjöra, þar sem sama sem engin börn fædast hjá gkkur". „Hvada vitleysa" vard mér ad ordi, en þá bætti hann vid: „skýrslurnar sýna þetta".

Ef þetta er nú svo, ad barnafædingar eru sárfáar, af hverju kemur þad? Er fólkid í Blöndhlíd ad verda ófrjótt; tímir þad ekki ad eiga börn, eda gefst því ekki tækifæri til þess?

Neydist madur til ad svara fyrstu spuninyunni játandi, þá eru Blöndhlídingar ad ganga fyrir ætternisstapa og þad hrödum fetum, því vid því er sjálfsagt lítid hægt ad gjöra, og því midur virdist margt benda til þess, ad ófrjósemi sé ad fara í vöxt. Þad eru

ekki næsta mörg hjón, hér í sveit, sem eiga mörg
börn, nú á tímum, og sum alls engin.

Ólíklegt er það, og víst eru það ekki margir
sem sporna við barneignum í eigingjörnum til-
gangi, svo slíkt er hverfandi, enda væri þá
auragirndin komin í algleyming sinn og altaf
langt gengin.

Um þridju spurninguna, tækifærið, er það
að segja, að það virðist svo sem það komi
ekki upp á hendur allra, enda er þar margt
í vegi fyrir.

Siðvenja, velsæmi og trú, krefjast þess, að
þau börn, sem fædast, séu það, sem kallað er
skilgetin, það er með ödrum ordum, að foreldr-
arnir séu hjón. En að komast í hjónaband
þarf undirbúning, sem tekur oft langan tíma,
svo langan, að æfitími margra endist ekki
til þess. Fyrst þurfa persónurnar að kynnast
hvort ödru, þar næst kemur hin svonefnda trúlofunin og svo
einhverntíma þar aftur úr hjónavigslan og að

þessu öllu afloknu, er barnið velkomið í heim-
inn. Þótt þetta sé nú adalreglan, þá er nú
stundum brotið í bága við hana, og að minsta
kosti hjónabandinu slept; en ekki er nú afar-
langt síðan, að óskilgetnum krökkum var
ekki eins vel fagnað við komu þeirra í heim-
inn, eins og hinum skilgetnu, og jafnvel told-
ir óþarfa gestir og ef til vill látnir gjalda þess
alla sína æfi. En sem betur fer er sú skoð-
un nú gengin úr hálsliðnum.

Ekki vantar það að nú hafi fólkið
eins gott tækifæri til að kynnast eins og
ádur var. Samkomurnar, þessar miklu dans-
skemtanir o.fl. æthu að geta kynt fólkið
hvað ödru og komið trúlofun á stað, og
eg vil segja, að þá væri mikið unnið við þær.
En því er nú ekki að heilsa. Menn og
konur eru eftir sem ádur ólofað og ekki
einu sinni skotið hvert í ödru og það stóru
hópar af fólki, sem fyllilega er komið á

þann aldur, sem nefndur er giftingar aldur, og eg efast um að nokkur sveit ~~eigi~~ telji þar fleiri einstaklinga, en einmitt blessunin hún Blönduhlíð okkar.

Nei. Fólkið hefir ekki lengur lyst á að para sig saman. Það er að úrkynjast, verða ófrjótt, og á leiðinni fyrir stapann — Fólksfæð í hverju landi er metið Tjón, og að ödm jöfnu, er sá maður nýtsamari landi sínu og þjóð, sem á mörg börn, heldur en hinn, sem á fá, eða engin. Og þótt það komi fyrir, að slíkir menn þurfi hjálpar við, ætti enginn að telja það eftir ef þörf fyrir hjálp orsakast af barnafjölda.

Eg er nú ordinn býsna langorður, og er því rétt að hætta, þótt margt mætti enn um þetta segja: og þar á medal það, að mér færistt ekki að prédika um barneignir, eg hefði ekki sjálfur verið svo ötull í þeirri grein. — En, þá segni eg mig öfugt og segi: O jæja, o jæja, Rétt er nú það.

Gísli Björnsson.

Svar til Gísla á Vöglum

—

Í síðasta bladi „Viljans" p. á. er talsvert löng grein eftir Gísla oddvita á Vöglum, er hann nefnir „Nokkrar athuganer um Akra-fundinn, barlóminn og eignirnar". Grein þessi fjallar adallega um niðurjöfnun hins nýja sýslu-vegagjalds og úrslit þeirra mála á síðasta hreppsfundi. Vegna þess, að eg var einn í þeirra tölu, sem vour í andstæðingahópi oddvitans, og þar með einn af þeim, sem nefndir eru í hinni umræddu grein hans, þá hlýt eg að svara honum nokkrum ordum, til þess að lesendur „Viljans, þeir sem ekki vour á hreppsfundinum sjái þó að málstaður okkar andstæðinga hans, er ekki eins fráleitur, eins og hann þykist geta sýnt með þessari grein sinni.

Í þessari svargrein minni, verður lítið eda

ekkert rætt um réttmæti sýslnvegasjóðslaganna frá 1923, heldur um það, hvort breyting sú, sem gerð var á þeim 1924 og heimiladi að leggja gjaldið á, eftir efnum og ástæðum, hefir verið til bóta eða ekki, enda var það adalþrætuefnið á hreppsfundinum, sem ádur er talad um.

Hvad gat vakad fyrir hinu háa Alþingi með þessari breytingu ári seinna, en lögin voru gefin út, annad en það, að hér væri breyting til bóta, og annad ekki. Og þetta hljóta allir menn að sjá og skilja, sem heilbrigda hugsun hafa, því það mun vera meginregla í allri skattalöggjöf, að beinir skattar, adrir en nefskattar, greiðist í réttu hlutfalli vid efni og ástæður manna.

En með því ad fara eftir heimildarlögunum frá 1923, þá er þetta útilokad, þá getur sá fátæki, þurft ad borga mikid meira en sá ríki, adeins ef hann hefir til umráda jardnædi, sem hærra er metid, samkv. fasteignamatinu. Og svo sleppa allir hinir efnudu lausamenn og ~~hús~~ adrir búlausir.

En þá kemur hin hlid málsins. Er það nokkur sanngirni ad adeins búandi menn borgi þennan skatt? Á hreppsfundinum á Ökrum var margt um þetta skrafad, fram og aftur, en of mikid fanst mér sumir, einblína á flutningaþörfina, sem adalatridi þessa máls. Eg get ekki séd, ad flutningaþörfina ~~þurfi~~ sé naudsynlegt ad leggja hér til grundvallar, hid eina rétta er ~~það~~ ad tala um almenna vegaþörf, og kemur þá margt fleira til greina, en flutningur bænda á naudsynjum sínum.

Það er ekki eins og hér sé verid ad tala um ad leggja járnbraut um sýsluna og naudsyn beri til ad sérfródir menn athugi, hvort flutninga-þörfin lyá bændum sé svo mikil, ad slíkur rekstur mundi borga sig. Nei. það er nú eitthvad annad; hér kemur adeins til greina, ad bæta vegina í sýslunni og sé eg ekki annad, en ad það vardi alla, bædi

bændur og búlausa. Og einnig skal það tekid fram, að med þessu gjaldi getur sýslan greitt áfallnar vega skuldir og kemur þá bædi til greina Vestur-ásbrúin og Hofsárbrúin og vil eg álíta ad fleiri njóti góds af byggingu þeirra, en bændur einir.

Ef vid lítum í hin ýmsu þjódþrifa fyrirtæki, þá sjáum vid ad mörg af þeim, eda ölla, eru þannig, ad það er adeins takmarkadur fjöldi manna, sem hefir þeirra not, og þó eru þau oft kostud af almanna fé. Þetta sjá allir, sem komnir eru til vits og ára, ad er sjálfsagdur hlutur, og vidgengst um allan heim, þar sem nokkur sidmenning er til. Eins er med þetta fyrir tæki (c: sýsluvegina). Það er ekki hægt ad skylda þá eina til, ad leggja fram til þeirra, sem af þeim hafa mest not, enda mundi ervitt ad finna þar réttan grundvöll. Þessvegna verdur ad ~~fylga~~ fylgja einhverri fastri regla, og þá hljóta allir ad sjá, ad mest sanngirni er, ad mida vid efnahag og adrar ástædur manna.

Á fundinum á Ökrum bördust þeir mest á móti því ad lagt væri á alla gjaldendur hreppsins, þeir Gísli Björnsson og Stefán Vagnsson. Þeir em bádir í hreppsnefnd og skattanefnd, og léta svo, ad þeim einum væri kunnugt um efnahag bædi bænda og búlausra. Töldu þeir ad bændur væru altaf ad græda, en þeir sem búlausir væru, sérstaklega vinnufólkid, væri öreigalýdur, ad undanteknum fáeinum mönnum. Það hafdi litla þýdingu ad mótmæla jafn fjötvísum mönnum, med allar skatta-skýrslur hreppsins í höfdinu, en mörgum vard það þó, ad draga í efa, ad bændur væru ad safna, nema því adeins ad þeir legdu fé sitt á sjódi, því það vita þó margir, ad nokkrir bændur hafa minkad bú sín, ad miklum mun, á sídari árum, hvad sem veldur. En líkl. get eg ekki lagt dóm á það, því ekki er eg í skattanefnd. En nú vil

eg spyrja þá háu herra, þá Gísla og Stefán, sem bádir eru í hreppsnefnd og þarafleidandi vid niderjöfnun auka útsvara á hverju ári í hreppunum: Því í óskôpunum erud þid ad leggja skatt á svo og svo háan, eins og þid segid, á ôreiga-~~lýd~~ vinnu lýd, sem eftir ykkar eigin sögn sögn engar álögur þolir. Því bætid þid heldur ekki vid gjöldin hjá bændunum, sem altaf eru ad græda; eda erud þid bornir ofurlidi af samnefndarmönnum ykkar?

Ykkur verdur líkleza ógreitt um svarid, og hvad sem sett verdur á oddinn hjá ykkur, þá meynar þad ekki ad kefja nider þá tilgátu, ad adrar orsakir hafi legid á bak vid málstad ykkar, en hin fórnfúsa ást og samhyggja til ôreiganna; ekki síst þegar þess er gætt, ad af sex mönnum, sem fyltu flokk ykkar, voru fjórir tvibýlismenn, einn ríkismadur og einn tilvonandi lausingi.

Þá verdur Gísla mjög tidrætt um hinn mikla barlóm í bændunum, sem altaf þykjast vera ad tapa, sérstakleza veitist hann þar ad mér og telur mig hafa lamid lóminn einna fastast. Þessum addróttunum Gísla hirdi eg ekki um ad svara. Eg er ekki svo dulur madur, ad eg hugsa, ad allflestir hér í sveit þekki mig nokkurnveginn og sén því kunnugir hvort eg alment kvarti svo um ástædur mínar, ad ord sé á því gerandi, og stendur mér því á sama ummæli oddvitans í þá átt. En lítt sný eg ekki til baka med, ad margir bændur, bædi hér í sveit og annarsstadar hafa sagt mér, ad þeir hefdu tapad undanfarin ár, og tapid sögdu þeir hvad mest vera fyrir hid dýra fólkshald. Og hvad þad snertir get eg líka vér flokki talad; eg hefi ekki tapad á ôdru meira, en einmitt dýru kaupa fólki.

Í lok greinar sinnar ætlar hann svo ad láta smiðshöggid rída af, þad höggq sem á ad rída ad fullu málstad okkar andstædinga

hans. Það á nú að vera rúsína – hann hefir viljað geyma hana þangað til síðast eins og stundum ~~áður~~ oftar.

Hann heldur að sigur okkor sé ekki eins glæsilegur og í fljótu bragði virðist vera, og það munum við sannfærast um síðar, þegar hinn raudi bolei nái að festa rætur í sveitinni, ~~okkor~~ fyrir adgjörðir okkor.

Nú kastor hann fyrst tólfunum. Hugsið ykkur adra eins fjarstæðu og þessa. Hann heldur því fram, að við munum innleiða bolecvisma í sveitinni, með því að fylgja fram einni hinni sjálfsögðustu af öllum réttmætiskröfum þeirra, sem er einmitt þessi: Að hver einstaklingur borgi skatta og skyldur eftir efnum og ástæðum, hinn ríki það sem honum ber, og hinn fátæki sinn skerf.

Nei lísli sæll – nú ert þú að fara út af laginu. Það er einmitt þú, ~~sem~~ og þínir nótar, sem erud að innleiða hér bolecvisma; það ert þú, sem ert að hampa duln framan í hinn rauda bolea (eins og þú kemst að ordi) og ert að reyna til að egna hann. – Því hvað er það annað, þegar þú bædi í ræðu og riti, ert að reyna að koma vinnulýðnum til að trúa því, að það sé öreigar, sem engin gjöld þoli að bera, og engin gjöld eigi að bera, og einnig að það noti ekki atkvæðisrétt sinn, gagnvart hinum ríku bændum, sem sifelt sén að græða, medan það sé að tapa.

Skyldi Ólafur Fridriksson hafa gengið lengra í byrjuninni? Það má brýna svo deigt járn að bíti og þó vinnulýður þessarar sveitar, sé margt gott og gáfað fólk, sem sjálft hlýtur að skilja, að það hefir bædi það kaup og þau réttindi, sem bændur geta frekast í té látið, þá er þó þ hægt að búast við, að það geti haft einhver áhrif, þegar bændur sveitarinnar, og það menn sem fara með opinber mál hennar, bædi útávið og innávið,

gjöra sér ad skyldu, ad reyna til ad koma á stad æsingu og ósamkomulagi á milli bænda og verkalýds, med því ad koma fólkinu til ad trúa því, ad þad sé beitt órétti. En lúalegast er, þegar þad er gert í hefndarskyni fyrir fallinn málstad.

Og þad má Gísli vita, ad þad eru til fleiri stéttir en verkafólkid, sem ofhlada má sköttum, svo ekki verdi undir risid. Hvad sér madur ekki? Fjöldi bænda fer á ári hverju úr sveitunum í kaupstadina, menn sem flosnad hafa upp, vid hinn gródavænlega sveitabúskap og ordnir eru öreigar – og þad hefir madur fyrir sér, sem óhrekjandi sannindi, ad margir af þessum mönnum hafa fylst hatri, til þeirra löngjafa og þeirra stétta, sem gjört hafa þeim ókleyft (ad lifa samkvæmt edli sínu og vilja, og sumir þeirra hafa gjörst svæsnustu ~~bolca~~ bolcarnir og fylkt sér undir merki þeirra.

En hefi nú lokid máli mínu ad sinni, en eitt vil eg þó taka fram, ad sídustu. En lít svo á, ad hver og einn, sem berjast vill fyrir almennum mannréttindum, verdi ad hafa þad hugfast, ad þad er engin heilbrigdi í því, ad bjarga einum upp úr feninu, en troda annan nidur í stadinn.

Jón Eiríksson.

—

Fródleiks-molar

—

Trúarbrögd manna – Þad má óhætt fullyrda ad menn séu ekki vid eina fjölina feldir hvad trúarbrögda skodunum vidvíkur. Næstum hver einasta þjód, sem vidurkennir trúarbrögdafrelsi og þótt fámenn sé eins og t.d vid Íslendingar, skiftist í ~~trúar~~ kirkju flokka med mismunandi trúar skodunum. En eitt mun þó öllum þjódum heimsins vera sameiginlegt, en þad er med-

vitundin um einhvern guddóm, hvers nafni sem nefnisi.

Eingyðistrúarmenn eru þeir kallaðir, sem trúa á einn Guð. Það eru kristnir menn, fjölmennastir. Þeir byggja Evrópu og Ameriku, mestallar, og nokkurn hluta af hinum heimsálfunum. Innbyrðis skiftast þeir í ótal flokka og eru rómversk-kaþólskir fjölmennastir (yfir 200 miljónir). Æðsta kirkjustjórn þeirra er í hendi páfans í Róm. Þeir trúa því að María mey, postularnir og aðrir helgir menn, sén miðlarar milli guðs og manna, gjöra af þeim líkneski og myndir og tilbiðja.

Eftir dauðann er það trú þeirra, að sálir manna verði að vera í hreinsunareldi, til að afmá syndir sínar, áður en þær geti orðið hólpnar. Þrestar þeirra meiga eigi kvænast. Munka og nunnuklaustur hafa þeir mörg. — Grísk-kaþólsk trú er lík hinni rómversk-kaþólsku. Kirkjustjórn er öðruvísi og æðsti páfaveldinu. Kirkjuþing þessar skildust að árið 1054 e. Kr. Grísk-kaþólskir eru Rússar, Grikkir og fjöldi manna í Tyrkjalöndum Asíu. — Mótmælendur búa á Norðurlöndum, Þýskalandi, Hollandi og Bandaríkjunum, skiftast þeir í ótal smærri flokka, hátt á annað hundrað, er hafa talsvert misjafnar trúarskoðanir. Fjölmennastir flokkar eru Lúthers-trúarmenn, Kalvinistar og biskupakirkjan enska.

Gyðingar eru um 7 milj. að tölu eru þeir dreifðir um allan heim, en þó flestir í Evrópu.

Múhameðstrúarmenn eru í vesturhluta Asíu, Norður og austur Asíu. Trúarbrögð þeirra í fyrstu eru myndud af samblandi kristinnar trúar og Gyðinga-trúar, við ýmsa forneskju í Arabíu. Múhameðstrúarmenn segja: „Guð er einn og Múhamed er aðstoðarspámaður hans". Hin helga bók þeirra heitir Kóran en trúna kalla þeir sjálfir Íslam. Þeir hafa margkvæni og trúa á óbreytilega forlög. Íslam skiftist í tvo flokka, Sunníta, þar til heyrast Tyrkir þeir trúa eigi aðeins á helgi Kóransins, heldur

og á viðbætir við hann er þeir kalla Sunna, þeir fara pílagrímsferðir til Mekka. Selutar heitir hinn flokkurinn, þar undir Teljast Persar. Þeir trúa aðeins á það sem í Kóraninum stendur, þeir fara pílagrímsferðir til grafar Ali's, sem var tengdasonur Múhameds.

Mormónatrú er hjá nokkrum mönnum í Norðr-Ameríku í Utah. Hún er sambland af Gyðinga og Múhamedstrú og Kristinni trú, með nokkrum hégiljum öðrum. Mormónar hafa margkvæni.

Fjölgyðismenn trúa á marga guði, þó eru trúarbrögð þeirra á mjög mishán stigi. Brama og Búddatrúarmenn standa hátt yfir hinum eiginlegn heiðingjum bæði hvað trú snertir og sidalærdóm.

Bramatrúarmenn eru flestir Hindúar á Vestur Indlandi. Þeir trúa á 3 aðalguði: Brama Siva og Visma og alþýða manna trúir þess utan á fjölda lægri guða og tilbiður líkneski þeirra. Hinar helgu bækur Hindúa heita Veda, eru þær mjög gamlar, einkum Rig-Veda. — Trúnni fylgir römm stétta skifting og er hinn lægsti flokkur „parias" fyrirlitinn af öllum hinum. Flestir hinir lærðustu og mentuðustu Hindúa trúa eigi hégiljum þeim, sem þykja mögn góðar fyrir alþýðu, þeir hugsa sér guðina sem náttúruöfl en einn Guð stýri heiminum, en hann sé svo hátt upp hafinn, að maðurinn geri lítið úr honum, með því að gefa honum þá eiginleika, sem hann getur upp hugsað, og að maðurinn sé svo ófullkominn, að hann geti eigi gert sér neina hugmynd um hann. Þetta er kjarninn í „Veda" heimspekinni Á Indlandi er lítill trúarflokkur er nefnist Parrar. Sú trú hefir áður verið mjög útbreidd í vestur hluta Asíu, einkum fyrir daga Alexanders mikla. Þeir hafa mikinn átrúnað á elði. Þar sem trúin er ómengud er hún að mörgu leyti háfleyg, og hefir snemma haft áhrif mikil á Gyðinga-

Rádning

á reiknings prauti í síðasta bladi:

Klukkan 11 vour öll kertin 3 cm. löng

Klukkan 9 var þridja kertið 15 cm.

Félagsmenn!

Úr bókasafni lestrarfélagsins vanta fáeinar bækur (hafa vantað nú í nokkur ár). Medal þeirra er Bókmentasaga Finns Jónssonar í gódu bandi (með skinnkjöl?) óskemd og lítið lesin, einnig Viga Glúmssaga og Bjarnar saga Hitdælakappa, bundnar saman. Þeir sem kynnu að verda varir við bækur þessar, eru bednir að gera félagsstjórninni advart um það, eda bókaverdi félagsins.

Lestrarfélagsstjórnin.

Hanagal fá Djúpadal

— " — — " —

Það hefur audsjáanlega fokið í góðmennið hann Jón frænda minn í Djúpadal, útaf þór sem eg skrifadi í Viljann um Akrafundinn. Galar hann nú hátt en þó meira af vilja en mætti í ritsmíð sinni, nú í síðasta bladi Viljans, sem hann nefnir svar til Gísla Bjarnssonar á Vöglum. Þetta ritsmídi hans er ad vísu ekkert svar, þór ekki hrekur hann þar eitt einasta atridi í nefndri grein minni, heldur veder hann elginn um alt annað, þar á medal eru svo magnadar addrótt-

anir í minn gard, ad eg get
ekki látid þeim ósvarad, annars
hefdi eg ekkert skift mér af þessari
grein hans og látid hana sem
vind um eyrun þjóta, en úr
þvi nú Viljinn flytur um mig
slíkar addróttanir, verd eg ad
bera hund fyrir höfud mitt.
Addróttanir eru þær ad eg bædi
í riti og rædu sé ad eyna upp
vinnulýdinn móti bændum og gjöri
þad jafnvel í hefndarskini vegna
fallins málsstadar.
Jeg mótmæli þessu stranglega
þvi þann til gang hef eg als,
ekki, eda hver vill vatta slíkt
med þér jón sæll?
En einhver hjartveiki eda hvædsla

vid bolsivikka hefur gripid um
sig hjá jóni, hann er audsjáanlega
hræddur um ad hér sé ad myndast
bolsaflokkur, og ad eg muni verda
þar bolsa foringi, og med þad
fyrir augum fer hann ad bera
mig saman vid Olaf Fridriksson
og fær þad út, ad eg muni ekki
verda hans eftirbátur, heldur
jafnvel enn svæsnari bolsi.
Eg atla nú ekki ad fara ræda
sérstaklega um þennan saman-
burd á okkur Olafi eda um
Olaf sjálfan, adeins geta þess
ad þótt Olafur hafi ýmsa galla
þá er hann ad mörgu vel
hæfur madur, og enginn vesalingur
og eg vil draga þad í efa, hvort

Jón í Dal verdi hinum nokk-
urntíma jafn snjall, hvad þá
fremri. Jæa Jón minn!
Eg held ad þínar balsa hugmyndir
séu nokkud á reyki, og þú
munir þúr vera nokkud einstædur
med ~~þad~~ þær, en þad er illa til
fallid og ómennilegt ad bera á
menn þungar sakir og eigna, mannum
illarhvatir þótt skiftar séu skodanir
í málum, og þad bætir lítid þegar
þad er órþrifa rád, máli sínu til
studnings, þegar allrökseinda færsla
er þrotin.
Í einstöku atridum vil eg enn
minnast á þetta svar Jóns í Dal.
Hann minnist á heimildarlögin
frá 1923 og vidbótina frá 1924

og álítur ad löggjafarnir hafi
breitt til med vidbótinni vegna
þess ad þeir hafi séd ad án hennar
hafi heimildarlögin verid óbrúkandi.
Þetta er alskostar ekki rétt.
Vidbótin kun annarsstadar frá og
var gjörd eftir utan ad kumandi
óskum, en þó adeins leyfd, med
þúr stranga skilyrdi, ad mikill
meiri hluti sé þeirri reglu sam
þykkur, en adalreglan sé þó
hitt, nefnilega sú, ad leggja þad
á jardirnar, slák var áefad meining
löggjafanna hvad svo sem
Jón í Dal finnar útur þúr.
Ekki þykist Jón geta fundid
þad ad flutninga þörf bænda
sé ólla meiri en vinnulýdsins

og ekki ~~at~~ beri ad taka flutninga
þörfina til greina nema þá helst
ef um järnbrautarlagningu væri ad
ræda. En hvers vegna frekar þá?
Hér er verid ad ræda um ad gjöra
sýsluvegi akfæra bílfæra o.s.f.v.
Hverjir myndu svo nota vegina
fyrir kerrur og bíla og hverjir
myndu nota järnbrautina, alli
þad yrda ekki þeir sömu, mest
útreidarfölk á sunnudögum,
sam hvæmt kenninga Jóns í Dal!
Jón minnist á skattana, og segir
ad allir skattar séu greiædir eftir
efnum og ástædum nema nefskattar
þannig sé þad um allan heim
og undir þann lid verdi ad telja
þetta nýja vegagjald

Jón er nú víst vel kunnugur
um heiminn, ekki síst í skatta
lögum, og má þvi víst tölu vert
uppúr þessum ordum hans leggja.
En heyrst hefur t.d. ad í ödrum
löndum séu til brúarverdir er
taki áhvedid gjald af hverjum
sem um brúna fer, og sé gjaldi
þvi varid til vega og brúa.
Ekki er slíku gjaldi jafnad nidur
eftir efnum og ástædum og svo
getur verid um fleiri.
Hér mætti til nefna, prests og
kirkjugjöld sem ekki fer eftir
efnum og ástædum, heldur jafnt
gjald á alla fyrir jöfn afnot.
Sama má segja um elli styrkar
gjaldid. Þad er gjald á sérstaka
menn og konar og fer eftir aldri.

Þá er fasteigna skattur, ödru
nafni nefndur ábúdarskattur
Skyldi hann teljast nefskattur?
Þá er nög um skattana en
þá eru útsvörin. Jón fundar á
því ad vid St. Vagnssen skulum leggja
útsvör á öreigalýd þann sem vid
nefnum svo, örsök til þess ad vid
gjörum þad finnur hann þá
ad vid munum kúgadir til þess af
meiri hluta hreppsnefndar.
Ekki á nú samkomu lagid ad vera
þar meir en í medallagi, og yrdi
eflaust ekki betra, ef Jón í Dal
ætti þar sæti. En um útsvör er
þad ad segja, ad þau eru alt annars
edlis en vegagjald og þarf enga
adra útskýringu á því, adra en

þá, ad þegar búid er ad leggja há
útsvör á efnalitla eda efnalausa, er
ilt ad þurfa bæta þar ofaná ödrum
gjöldum, vegna þess eins, ad gjaldþol
slíkra manna er takmarkad, þad
er þad sem vid Stefán höfum
haldid fram, og ad þegar fólki slíku
er mjög ípyngt med gjöldum geti
þad ordid til þess ad þad flytjiburt
í þá stadi hvar betur er farid ad
vid þad, í þessu efni t.d. í kaupstad-
ina, þad er áreidanlegt ad þad ber
þar lægri gjöld en vida í sveitum
og skal eg í þvíefni benda á S. Krók.
Ekki er Jón í Dal enn af baki
dottinn med þad ad hann tapi
á fölkshaldi og betur nú nærri
ad eg fari ad leggja trúnad á þad.

áhaldid, og viljann vantar ekki
til ad bjarga sér áfram.
Þannig hef eg þig til sýnis
sem hverja adra fyrirmyndar
prufu, „stilli þér upp" sem
kallad er, og er þad næsta
ólíkt þú, sem mér virdist, ad
þú viljir fara med mig, sem
sé þad, ad gjöra mig tortryggilegann
í augum sveitunga minna.
Jeg er nú farinn ad eldast, en
ekki samt svo, ad eg geti enn
ekki hrundid af mér illum
og óbilgjörnum árásum, hvort
heldur er til orda eda athafna
þad mun eg reyna í lengsta lög.
Gísli Björnsson.